um till. til þál. um undirbúning breytinga á fræðslulöggjöfinni.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Þegar lög um skólakerfi og fræðsluskyldu voru sett árið 1946, var svo fyrir mælt, að þau skyldu koma til framkvæmda á árunum 1947—1953. Enn er sá tími ekki liðinn, enda eru lögin ekki komin til fullra framkvæmda alls staðar á landinu, svo að lítil reynsla hefur fengizt um framkvæmd þeirra.

Fyrir þær sakir getur meiri hl. nefndarinnar ekki mælt með því, að Alþingi samþykki að svo stöddu víðtæk fyrirmæli um ákveðnar breytingar á fræðslulöggjöfinni. En samkvæmt þeirri reynslu, sem fengin er, telur meiri hl. rétt, að ýmis atriði hennar verði tekin til athugunar, svo sem að stytta skyldunám barna og unglinga, að auka verulega verknám í skólum, sérstaklega skólum gagnfræðastigsins, að gera iðnaðarnám frjálslegra en nú er.

Meiri hl. leggur því til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara endurskoðun á fræðslulöggjöfinni og framkvæmd hennar. Skal meðal annars taka til athugunar þessi atriði:

1. Að árlegur námstími í barnaskólum verði styttur, þar sem hann er lengstur, og að skyldunámi unglinga ljúki við 14 ára aldur.
2. Að verknám í skólum, einkum gagnfræðastigsins, verði aukið í framkvæmdinni frá því, sem nú er.
3. Að allir eigi þess kost að ganga undir próf í bóklegum og verklegum greinum og hljóti, ef þeir standast prófin, þau réttindi, sem þau veita, hvort sem þeir hafa búið sig undir próf með námi í skóla eða á annan hátt.

Alþingi, 15. jan. 1952.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Jón Gíslason, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Jón Sigurðsson. Magnús Jónsson.